

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM

Alþingi

Erindi nr. P 140/2535

komudagur 16.5.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 - REYKJAVÍK

Reykjavík 15. maí 2012

1202001SA MKH/
Málalykill: 173

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 689. mál – þskj. 1119

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, þskj. 1119 – 689. mál.

Stjórn SSKS fagnar frumvarpinu og hvetur Alþingi til þess að samþykkja það sem fyrst, enda byggir frumvarpið á tillögum starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar, sem skilaði iðnaðarráðherra skýrslu í desember 2011.

Jafnframt hvetur stjórn SSKS Alþingi til þess að tryggja jafnræði í orkukostnaði landsmanna með því tryggja öðrum tillögum framangreinds starfshóps framgang. Í skýrslu starfshópsins er gerð nánari grein fyrir tillögnum:

„Í fyrsta lagi er lagt til að grundavallarbreyting verði gerð á niðurgreiðslukerfinu þannig að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu. Kerfið verður þá sjálfvirkt þar sem öllum breytingum á verði á raforkudreifingu yrði mætt með sjálfvirkum hætti án þess að sérstök ákvörðun þurfi að liggja þar að baki.

Í öðru lagi er gerð tillaga að breyttri fjármögnun niðurgreiðslna. Tillaga hópsins er að jöfnunargjald verði sett á hverja framleidda kWst sem næmi þeim kostnaði sem nauðsynlegur er á hverjum tíma til að niðurgreiða að fullu flutning og dreifingu raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Í þriðja lagi gerir hópurinn nokkrar tillögur sem snúa að frekari jarðvarmaveituuppbyggingu og bættri orkunýtni, þar ber hæst að starfshópurinn leggur til að jöfnunargjald verði lagt á hitaveitur, svipað og á raforkuframleiðslu, sem geti ávallt tryggt viðgang og vöxt jarðvarmaveitna. Einnig er lagt til að heimilt verði að lengja stofnstyrkjaframlagið í allt að 12 ár ef þörf krefur.“

Framangreindu er hér með komið á framfæri við háttvirta atvinnuveganefnd Alþingis.

Virðingarfyllt

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM



Magnús Karel Hannesson
starfsmaður SSKS